

## Aðalfundur Rekstrarfélags Sarps.

Haldinn á Þjóðminjasafni Íslands, 23. maí 2018, kl. 13:30.

- Fundur settur, kjör fundarstjóra og fundarritara:** Anna Lís Rúnarsdóttir formaður stjórnar Rekstrarfélags Sarps (RS) setti fundinn kl. 13:33. Fyrsta mál á dagskrá var kjör fundarstjóra og fundarritara. Tillaga var borin upp um að Dagmar Arnardóttir yrði fundarstjóri, sem bar upp tillögu að Haraldur Þór Egilsson yrði fundarritari.
- Fundarstjóri tekur við fundarstjórn:** Fundarstjóri tók til máls og lýsti fundinn löglega boðaðan með 14 daga fyrirvara skv. útsendu aðalfundarboði 9. maí. Fundarstjóri fór því næst yfir lista fulltrúa aðildarsafna, kosningarétt og umboð.

| Heiti safns   | Eignarhlutur<br>2017 | Á aðalfundi<br>2017 | Nafn þess sem<br>fer með umboð                 |
|---|----------------------|---------------------|--|
| Þjóðminjasafn Íslands                                 | 32,5                 | 32,5                | Anna Lís Rúnarsdóttir/Margrét Hallgrímsdóttir  |
| Borgarsögusafn<br>(áður Minjasafn Reykjavíkur)        | 9,0                  | 9,0                 | Gerður Róbertsdóttir / Anna Lís Guðmundsdóttir |
| Listasafn Íslands                                     | 7,0                  | 7,0                 | Anna María/ Dagný Heiðdal/Harpa Þórsdóttir     |
| Minjasafnið á Akureyri                                | 6,0                  | 6,0                 | Haraldur Þór Egilsson                          |
| Byggðasafnið Skógum                                   | 4,5                  |                     |  |
| Menningarmiðstöð Þingeyinga                           | 2,5                  |                     |  |
| Byggðasafn Skagfirðinga                               | 3,5                  |                     |  |
| Byggðasafn Árnesinga /<br>Sjóminjasafnið á Eyrarbakka | 2,0                  | 2,0                 | Lýður Pálsson                                  |
| Listasafn Kópavogs Gerðarsafn                         | 2,0                  |                     |  |
| Hafnarborg  | 2,0                  | 2,0                 | Ágústa Kristófersdóttir                        |
| Gljúfrasteinn - hús skáldsins                         | 1,5                  |                     |  |
| Menningarmiðstöð<br>Hornafjarðar                      | 2,0                  |                     |  |
| Síldarminjasafn Íslands                               | 1,5                  |                     |  |
| Minjasafn Austurlands                                 | 1,5                  |                     |  |
| Listasafn Reykjanesbæjar                              | 1,5                  |                     |  |
| Byggðasafn Reykjanesbæjar                             | 1,5                  |                     |  |
| Safnahús Borgarfjarðar                                | 1,5                  |                     |  |
| Byggðasafn Hafnarfjarðar                              | 1,5                  |                     |  |
| Nýlistasafnið   | 1,0                  |                     |  |
| Byggðasafnið Akranesi                                 | 1,5                  |                     |  |
| Örnefnasafn Árnastofnunar                             | 1,0                  | 1                   | Emily Lethbridge                               |



|   |              |             |  |
|---|--------------|-------------|--|
| Hönnunarsafn Íslands                                  | 1,0          | 1           | Sigríður Sigurjónsdóttir /Þóra Sigurbjörnsdóttir |
| Byggðasafn Dalvíkurbyggðar Hvoll                      | 1,0          |             |  |
| Tækniminjasafn Austurlands                            | 1,0          |             |  |
| Listasafn ASÍ   | 1,0          |             |  |
| Byggðasafn Garðskaga                                  | 1,0          |             |  |
| Minjasafnið Bustarfelli                               | 1,0          |             |  |
| Byggðasafn Vestfjarða                                 | 1,0          |             |  |
| Norska húsið - Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla    | 1,0          |             |  |
| Byggðasafnið Reykjum                                  | 1,0          |             |  |
| Minjastofnun Íslands (áður Húsafriðunarnefnd)         | 0,5          |             |  |
| Ljósmyndasafnið Ísafirði                              | 0,5          |             |  |
| Listasafn Árnesinga                                   | 0,5          |             |  |
| Minjasafn Egils Ólafssonar Hnjóti                     | 0,5          |             |  |
| Myntsafn Seðlabanka Íslands og Þjóðminjasafns Íslands | 0,5          |             |  |
| Byggðasafn Dalamanna                                  | 0,5          |             |  |
| Iðnaðarsafnið á Akureyri                              | 0,5          |             |  |
| Landbúnaðarsafn Íslands                               | 0,5          |             |  |
| <b>Samtals</b>  | <b>100,0</b> | <b>62,5</b> |  |

Einnig sátu fundinn:

Frá Rekstrarfélagi Sarps: Sveinbjörg Sveinsdóttir og Vala Gunnarsdóttir fagstjóri, frá Þjóðminjasafni Íslands Þorvaldur Böðvarsson og Þóra Björk Ólafsdóttir safnaráði.

Mættir voru 8 af 38 eignaraðilum sem fara með 62,5 % hluta félagsins.

### 3. Árskýrsla stjórnar RS:

Anna Lísá Rúnarsdóttir formaður stjórnar RS kynnti skýrslu stjórnar RS fyrir árið 2017. Skýrslan er aðgengileg á vefnum landskerfi.is.

### 4. Ársreikningar RS:

Anna María Urbancic kynnti ársreikning Rekstrarfélags Sarps 2017 sem Halldór Arnarsson endurskoðandi hjá Bakland endurskoðun og ráðgjöf ehf vann.

Tekjur ársins 2017 voru kr. 33.974.480 en gjöld kr. 25.019.071. Hagnaður félagsins á árinu 2017 var kr. 9.266.061. Eignir félagsins eru kr. 27.539.785 og bókfært eigið fé í árslok kr. 25.996.077. Þar af í þróunarsjóði eru 9.155.305

### 5. Umræður:

Umræður um ársreikning eða árskýrslu stjórnar voru engar.



**6. Reikningar bornir undir atkvæði af fundarstjóra.**

Reikningar voru samþykktir án athugasemda.

**7. Ákvörðun um framlög í þróunarsjóð.**

Stjórn félagsins lagði fram eftirfarandi tillögu:

*„Stjórn Rekstrarfélags Sarps gerir tillögu um að 6 milljónir króna verði greiddar í þróunarsjóð á árinu 2018.“*

Tillagan var samþykkt samhljóða.

**8. Innganga nýrra eignaraðila:**

Engin tillaga lá fyrir fundinum.

**9. Kosning fulltrúa í fulltrúaráð:**

Fundarstjóri kynnti tillögu að skipun fulltrúa í fulltrúaráði sem var einróma samþykkt.

- Þorbjörg Gunnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og þjónustu Þjms. - formaður
- Anna Lís Rúnarsdóttir, sviðsstjóri rannsókna og þróunar Þjms.
- Anna María Urbancic, framkvæmdastjóri Listasafns Íslands
- Dagný Heiðdal, deildarstjóri Listaverkadeildar Listasafns Íslands
- Esther Anna Jóhannsdóttir, fjármálastjóri Minjastofnunar Íslands
- Gerður Róbertsdóttir, verkefnisstjóri munavörslu Borgarsögusafni Reykjavíkur
- Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri
- Inga Jónsdóttir, safnstjóri Listasafns Árnesinga
- Pétur Kristjánsson, forstöðumaður Tækniminjasafns Austurlands

**10. Kosning endurskoðenda:**

Fundarstjóri bar upp tillögu um að Halldór Arnarsson, kt 3007703129, löggildur endurskoðandi, Bakland endurskoðun og ráðgjöf ehf. yrði endurkjörinn sem endurskoðandi félagsins fyrir starfsárið og var tillagan samþykkt einróma.

**11. Breytingar á samþykktum félagsins:**

Engar tillögur lágu fyrir fundinum.

**12. Önnur mál:**

Fundarstjóri opnaði mælandaskrá og eftirfarandi aðilar tóku til máls.

Sveinbjörg Sveinsdóttir ræddi um ný samþykktu stefnu Rekstrarfélags Sarps sem leiðarvísi og framtíðarsýn félagsins.

Harpa Þórsdóttir spurði hvort markmið fylgdu stefnunni.


Sveinbjörg sagði að það væri næsta skref hjá fulltrúaráðinu.

Anna Lísá Rúnaradóttir ræddi um kynningu á Sarpi í haust og nauðsyn þess að söfnin verði virk í þeirri vinnu.


Harpa Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands, sagði frá stöðu mála varðandi samninga við Myndstef um höfundaréttarmál. Góður rómur var gerður að máli Hörpu og sköpuðust lífléga umræður á milli Hörpu og fundargesta. Í umræðum var m.a. vikið að mikilvægi þess að samningar væru á öllu safnasviðinu en ekki takmarkaðir við listasöfn. Haraldur taldi nauðsynlegt að lögfræðingur yrði fenginn fyrir hönd safnanna til að lesa drög að rammamningnum. Harpa sagði að það stæði til.

Fundarstjóri fékk heimild fundarmanna til að ganga frá fundargerð eftir að fundi væri slitið.

Fundi slitið kl. 15:02



Dagmar Arnadóttir, fundarstjóri



Haraldur Þór Egilsson, fundarritari